

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Hveragerði 24. ágúst 2009

Varðar: Frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna, 149. mál, persónukjör.

Allir bæjarfulltrúar Hveragerðisbæjar standa að eftirfarandi athugasemdum við frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna, 149. mál, persónukjör, sem lagt hefur verið fram á Alþingi.

Tillögur um persónukjör falla vel að hugmyndum um aukið lýðræði í sveitarfélögum, aukið vægi og val kjósenda. Með frumvarpinu er fallið frá víðteknum venjum um uppstillingu á lista og ný hugsun innleidd við kjör fulltrúa. Bæjarfulltrúar Hveragerðisbæjar fagna öllum hugmyndum í átt til aukins lýðræðis sem til bóta mega teljast enda er slík framþróun í samræmi við stefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Að afloknum lestri frumvarpsins eru okkur þó eftirfarandi vangaveltur ofarlega í huga:

- Það er skoðun okkar að ábati að nýju kerfi reynist meiri í alþingiskosningum en sveitarstjórnarkosningum þar sem meiri brögð eru að stýringu í prófkjörum innan kjördæma heldur en raun virðist vera á innan sveitarfélaga. Því hefði aðferðafræðin í raun átt að prufukeyrast við kosningar til Alþingis síðastliðið vor. eða einfaldlega bíða næstu Alþingiskosninga.
- Í athugasemdum við frumvarpið er rætt um að persónukjör dragi úr flokksræði og má færa rök fyrir þeirri fullyrðingu. Flokkarnir munu þó með einum eða öðrum hætti þurfa að velja þá einstaklinga sem bjóða á fram undir óraðaða hluta listans auk þess að raða þeim sem hljóta föst sæti.
- Ákveðin hættu er á því að prófkjörsbarátta sem áður var háð tímanlega fyrir kosningar færast nú inni kosningabaráttuna sjálfa. Slíkt getur haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir frambjóðendur sem síðan sitja uppi með hnossið hugsanlega í hópi sem illa getur starfað saman í kjölfar harðskeyttrar baráttu samherja.
- Í minni og meðalstórum sveitarfélögum er erfitt að fá einstaklinga til þátttöku í pólitísku starfi hvort sem er til Alþingis eða sveitarstjórna. Einfalt kerfi við val frambjóðanda virkar hvetjandi á meðan aukið flækjustig fælir fólk frá. Mikilvægt er að hafa þetta í huga við allar breytingar á kosningakerfinu. Því er kynning á hinu nýja kerfi afar mikilvæg og þarf að vinna með góðum fyrirvara eigi hún að skila tilætluðum árangri.




HVERAGERÐISBÆR


- Erfitt ef ekki ómögulegt verður að stilla upp sameiginlegum lista margra flokka þar sem engin leið er að stýra því hvernig aðilar frá hverjum flokki raðast á listann. En slík uppstilling hefur verið leiðarljós þeirra sem í sameinuðum framboðum eru.
- Ógjörningur verður að tryggja jafna stöðu kynja á framboðslistum með þessu fyrirkomulagi og ákveðin hættu á að konur beri skarðan hlut frá borði.
- Ný aðferðafræði við talningu atkvæða tryggir sannarlega meira vægi minnihlutans en á kostnað áður viðurkenndra aðferða við talningu atkvæða
- Kosningakerfi eiga að vera einföld og vel skiljanleg. Kerfið sem lagt er til í frumvarpinu sveigir í svo veigamiklum atriðum frá áður þekktum kosningakerfum hér á landi að verði það að veruleika kallar það á umfangsmikla kynningu sem rétt er að ríkisstjórnin standi að og fjármagni. Vinna kjörstjórna við að setja sig inni nýtt kerfi er umtalsverð ásamt því að talning atkvæða verður tímafrekari en áður. Ennfremur mun framkvæmd kosninganna einnig verða tímafrekari sem kallar væntanlega á fjölgun kjördeilda með tilheyrandi kostnaði. Að okkar mati þyrfti að leggja fram með frumvarpinu kostnaðarmat sem óhjákvæmanlega hlýst af breytingunni. Það er mikilvægt að Samband íslenskra sveitarfélaga haldi utan um þann kostnaðarauka sem af breytingunni hlýst og taki upp viðræður við ríkisstjórnina um kostnaðarþátttöku vegna breytingarinnar.

Að þessu sögðu lýsum við yfir ánægju með þá vinnu sem lögð hefur verið fram við gerð frumvarpsins.

Gjört í Hveragerði 24. ágúst 2009

F.h. bæjarfulltrúa í bæjarstjórn Hveragerðisbæjar


Aldís Hafsteinsdóttir
Bæjarstjóri



Afrit sent: stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga.